

Mál nr 22/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 5 . mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2018

HRFÍ

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A án þess að hún væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og þeim gefinn frestur til 27. desember. Svar barst frá kærðu dagsett 4. desember og var það sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 20. júlí 2018 paraðist tíkin A við rakkann B hinn 20. mars 2018. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af kyninu Irish red setter og eru bæði í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svarbréfi kærðu kemur fram að ekki hafi verið ætlunin að para tíkina nú, það hafi aldrei tekist að para hana áður án sæðingar og því hafi þau ekki gætt þess að hundurinn væri nálægur. Þau hafi ræktað Írskan setter í 29 ár með ábyrgum hætti og eru afar leið að hafa brotið reglur félagsins nú, það hafi alls ekki verið ætlunin.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Írskur setter:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Vottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir

við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og til allra heilla staðist skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir.

IV. Niðurstaða.

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði X er áminntur.

Kærða Y er áminnt

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir